

Umhverfisstofnun
B/t Sigurður Ingason
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Efni: Athugasemdir Norðuráls við tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi fyrir álver Norðuráls Grundartanga

Hér á eftir eru allar athugasemdir Norðuráls við tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi fyrir álver Norðuráls Grundartanga.

Grein 1.5	
Texti í tillögu UST	Varanleg rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að úttekt geti farið fram á frágangi. ... Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.
Breyttur texti	Varanleg rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir ... Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur þannig að úttekt geti farið fram á frágangi.
Rökstuðningur	<i>Texti færður í þriðju málsgrein í grein 1.5 þar sem úttekt á frágangi fer fram þegar rekstur hefur verið stöðvaður.</i>
Texti í tillögu UST	Tilkynna skal áður nefndum aðilum um það ef að starfsemi hefst að nýju. Tilkynna skal eftirlitsaðila, Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar um gangsetningu hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri eða ef reksturinn er gangsettur eftir að hafa verið stórlega skertur.
Breyttur texti	Tilkynna skal áður nefndum aðilum þegar starfsemi hefst að nýju hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri eða ef reksturinn er gangsettur eftir að hafa verið stórlega skertur.
Rökstuðningur	<i>Einföldun á texta.</i>
Grein 1.10	
Texti í tillögu UST	Umhverfismörk utan þynningarsvæðis fyrir flúoríð eru sett $0,30 \mu\text{g}/\text{m}^3$ af flúoríði og mörk fyrir heildarflúor eru sett $0,40 \mu\text{g}/\text{m}^3$, af flúoríði reiknað sem meðaltal fyrir tímabilið 1. apríl til 30. september ár hvert.
Breyttur texti	Umhverfismörk utan þynningarsvæðis fyrir flúoríð eru sett $0,30 \mu\text{g}/\text{m}^3$ af flúoríði og mörk fyrir heildarflúor eru sett $0,47 \mu\text{g}/\text{m}^3$, af flúoríði reiknað sem meðaltal fyrir tímabilið 1. apríl til 30. september ár hvert.
Rökstuðningur	<i>Hlutfall $F(\text{heildar})/HF$ í umhverfisvöktuninni er mjög breytilegt. Hlutfallið í rjáfri er oft 1,2 til 1,4 þannig að $0,40/0,30 = 1,33$ er helst til lágt. Hlutfall ársmeðaltalanna 2010 til 2014 er 1,56 þannig að $F(\text{heildar})$ upp á $0,47 \mu\text{g}/\text{m}^3$ er nærri lagi.</i>

Grein 2.7	
Texti í tillögu UST	Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.
Breyttur texti	Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Í tilkynningu skal greina eftirlitsaðila frá hættu á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.
Rökstuðningur	Skýrara orðalag.
Grein 2.8	
Texti í tillögu UST	... að upphæð 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.
Breyttur texti	...að jafnvirði 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.
Rökstuðningur	Til skýringar þar sem SDR er ekki eiginlegur gjaldmiðill.
Grein 3.4	
Texti í tillögu UST	Rekstraraðili skal gera ráðstafanir til að draga úr losun mengunarefna. Rafgreiningarker skulu búið þéttum þekjum og nægilega skilvirku afsogi til að draga úr því að kergas sleppi út í kerskálana eftir því sem unnt er. Hönnun á þekjum og afsogsbúnaði frá rafgreiningarkerjum og skipulag við opnun kera skal miða við að minna en 1,0 % af kergasi sleppi út í kerskála. Einungis skulu notuð forbökuð rafskaut í rafgreiningarkerum.
Breyttur texti	
Rökstuðningur	Í raun má sleppa grein 3.4 alveg þar sem þetta er tiltekið í BAT lýsingu með tilvísun í grein 3.1 og svo nánar í grein 3.3.
Grein 3.7	
Texti í tillögu UST	Hreinsun kergass er ætlað að takmarka rykmengun og flúormengun frá kerrekstrinum (rafskautunum). Nota skal þurrhreinsibúnað með pokasíum þar sem súrál er ásogsefni fyrir flúor. Súrál frá þurrhreinsibúnaði skal notað til vinnslu í rafgreiningarkerum og þannig endurnýttast flúorefnasamböndin.
Breyttur texti	
Rökstuðningur	Í raun má sleppa grein 3.7 alveg þar sem þetta er tiltekið í BAT lýsingu með tilvísun í grein 3.1 og svo nánar í grein 3.3.
Grein 3.12	
Texti í tillögu UST	...Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki. Löndunar- og flutningskerfi fyrir súrál til kerskála álversins skal vera lokað með ryksöfnunarbúnaði við tengipunkta þannig að súrálstryk sem berst út í umhverfið sé í lágmarki. Uppskipun á öðrum efnum skal fara fram í samræmi við gildandi reglur um meðhöndlun slíkra efna.
Breyttur texti	...Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki.
Rökstuðningur	Lagt til að seinni hluta 3.12 verði sleppt þar sem þetta er tiltekið í grein 3.2.
Grein 3.15	
Texti í tillögu UST	Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 035/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leki
Breyttur texti	
Rökstuðningur	Lagt er til að grein 3.15 verði felld niður og sameinuð 3.14 þar sem efni þeirra er nánast samhljóða. Frágangur á lögnum og geymum tiltekið í 3.15 eru þær forvarnir gegn olíumengun sem tiltekna eru í reglugerð 35/1994 eins og nefnt er í grein 3.14.

Grein 3.25	
Texti í tillögu UST	<p>...Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)L_{Aeq} á iðnaðasvæði og 55 dB(A)L_{Aeq} í íbúðabyggð.</p> <p>Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um ágerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni sbr. 1. málsgrein:</p> <ul style="list-style-type: none"> • yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða, • athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna, • gera skilrúm sem loka hávaða inni, • tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.
Breyttur texti	...Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)L _{Aeq} á iðnaðasvæði og 55 dB(A)L _{Aeq} í íbúðabyggð.
Rökstuðningur	<i>Lagt er til að seinni hluti greinar 3.25 verði felldur niður. Dæmi um hugsanleg úrbótaverkefni eiga ekki heima í starfsleyfi að mati Norðuráls.</i>
Grein 3.26	
Texti í tillögu UST	Við mengunaráhöpp skal fylgja ákvæðum gr. 2.4-2.6.
Breyttur texti	Við mengunaráhöpp skal fylgja ákvæðum gr. 2.5-2.7.
Rökstuðningur	<i>Leiðrétt tilvísun.</i>
Grein 4.4	
Texti í tillögu UST	Skrá skal magn og gerð efnis sem sem er sent er til endurvinnslu/spilliefnamóttöku...
Breyttur texti	Skrá skal magn og gerð efnis sem er sent er til endurvinnslu/spilliefnamóttöku...
Rökstuðningur	<i>Tvítekið sem.</i>

Vakni spurningar við ofangreint skal haft samband við undirritaðann.

Einar Friðgeir Björnsson
 Framkvæmdastjóri Umhverfis og verkfræðisviðs
 Norðurál Grundartangi ehf